

Ós Textíllistamiðstöð 2022-2023



Design @ Marcy Petit

EXPLORING

by Artists and Designers from Ós Residency
and Fabricademy

FROM 25/10/2022 TO 29/10/2022

Swimmingpool - Blönduós - Iceland

Free



ÓS TEXTÍLLISTAMIÐSTÖÐ

Ós textíllistamiðstöð rétti vel úr kútnum á árinu 2022 og var vel sótt að undanskyldum desember sem alltaf er erfiður mánuður. Má segja að Ós hafi náð vængjum sínum og aðsóknin er enn að aukast eftir erfiðan tíma í covid.

Danskir nemendur í textíl komu að venju í janúar. 16 nemendur Concordia Háskólans í Kanada komu í vettvangsnám í júní og dvöldu í Ós listamiðstöðinni. Nokkuð var um komur listamanna sem höfðu afbókað á meðan covid stóð og núna eru flestar af þeim breytingum á bókunum komnar í gegn.

KYNNINGAR OG VEFMIÐLAR

ÓsTextíllistamiðstöð (Icelandic Textile Center residency) er með Facebook-síðu, þar sem áherslan er lögð á að deila fréttum og myndrænu efni, segja frá uppakomum (events), samstarfsverkefnum og styrkveitingum. Fylgjendur Textíllistamiðstöðvarinnar eru fyrst og fremst erlendir listamenn og miðast fréttamiðlun því við þá.

Textíllistamiðstöðin er kynnt á helstu síðum listamiðstöðva út um allan heim, t.d. Res Artis heimasíður miðstöðvarinnar og Instagramsíðunni þann 17. apríl síðastliðinn) voru fylgjendur 4713.

Okkar erlendu gestir bera hróður Textíllistamiðstöðvarinnar og svæðissins víða, eins og sjá má á dæmunum af Instagram sem eru hér á forsiðu.

ART RESIDENCY CATALOG

Art Residency Catalog er myndskreyttur bæklingur með umfjöllun um þá listamenn og verk þeirra sem dvelja í Textíllistamiðstöðinni. Art Residency Catalog er gefin út í stafrænni útgáfu á BLURB, einu sinni á ári.

REKSTUR 2022

Rekstrartekjur 2022 námu samkvæmt rekstrarreikning 14.316.240 kr.

Listafólk dvaldi samtals 95 mánuði í miðstöðinni og voru frá 16 löndum; Bandaríkjunum, Danmörku, Englandi, Frakklandi, Færeyjum, Írlandi, Ísrael, Íslandi, Kanada, Kólumbíu, Póllandi, Svíþjóð, Skotlandi, Spáni, Ungverjalandi og Þýskalandi.

HÚSNÆÐISMÁL

Á gömlu heimavist Kvennaskólans eru 8 herbergi, á Árbraut 33 eru 3 herbergi og Árbraut 35 eru tvö herbergi.

Ekki hafa verið gerðir leigusamningar vegna Árbrautar 33 og Árbrautar 35.

Ós Textíllistamiðstöð hlaut rekstrarstyrk að upphæð 1.2 milljónir úr Uppbyggingasjóði SSNV. Styrkurinn verður m.a. nýttur til að bæta vinnuaðstöðu listamanna.

REKSTUR 2022 OG REKSTRARÁÆTLUN 2023

Helstu útgjaldaliðirnir eru laun fyrir val á umsóknum, utanumhald með bókunum og samskiptum við listafólkið áður en það kemur á staðinn og upplýsingamiðlun til þeirra þegar það er komið á staðinn. Einnig fer tími í að sinna ýmsum verkefnum í tengslum við listamennina á meðan þeir dvelja hér.

Með fjölgun listafólks hefur umsýsla með Textíllistamiðstöðunni aukist og er 75% stöðugildi fyrir utan utan bókhald, þríf og sérfræðiaðstoð í tengslum við vefnað og umsjón með gömlu vefstólunum.

RH Endurskoðun ehf. annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningskila og skattskila fyrir Ós.

ÁRIÐ 2023

Desember er sá mánuður sem oft er lítið bókaður og ákveðið hefur verið að hafa lokað í desember nema ef um heimsóknir skóla er að ræða. Þá gefst tími til að sinna viðhaldi og starfsfólk kemst í jólafrí. Nánast fullbókað fram á haust 2023 og er ljóst að aðgengi að Textíllabinu hefur mjög jákvæð áhrif á aðsóknina því listafólkinu býðst að nýta sér aðstöðuna þar gegn gjaldi.

Ef loka þarf Textíllabinu í haust mun það hafa mikil áhrif á þá sem þegar eru búnir að bóka og gera ráð fyrir að nýta aðstöðuna. Sem og hafa neikvæð áhrif á rekstur Óss Textíllistamiðstöðvar til framtíðar.



Listakonur marsmánaðar